

Kæru nemendur og forsjáraðilar

Nú í janúar eru lesfimiþróf lögð fyrir í skólanum líkt og fyrri ár. Þrófin eru hluti af reglulegu mati á lestrarfærni og eru forsenda þess að kennarar geti fylgst með stöðu nemenda og skipulagt kennslu og stuðning eftir þörfum. Lesfimi er mikilvægur þáttur í lestrarfærni barna. Hún birtist í sjálfvirkum og nákvæmum lestri, og þegar lesfimi er góð á nemandinn auðveldara með að einbeita sér að innihaldi textans. Þess vegna snýst lesfimi ekki bara um lestrarhraða heldur um undirstöðupátt í heildarfærni í lestri og námi.

Ný birting niðurstaðna með betri upplýsingum fyrir heimili og skóla

Í kjölfar fyrstu skrefa innleiðingar Matsferils, sem er nýtt samræmt námsmat sem gerir kennurum kleift að fylgjast betur með og bregðast við stöðu og framvindu hvers nemanda, hefur Miðstöð menntunar og skólaþjónustu gert breytingar á því hvernig niðurstöður nemenda á lesfimiþrófi eru birtar. Markmiðið með breytingunum er fyrst og fremst að veita foreldrum og kennurum skýrari og gagnlegri upplýsingar um stöðu barnsins í lesfimi og leiðsögn um hvernig best sé að vinna með niðurstöðurnar.

Þessu upplýsingabréfi er ætlað að skýra hvað hefur breyst og hvaða upplýsingar eru nú birtar um stöðu og framvindu í lesfimi. Ef spurningar vakna er velkomið að leita til [skóla barnsins]. Það má einnig senda fyrirspurn á hjalp@midstodmenntunar.is eða hringja í 514-7500.

Helstu breytingar


Helsta breytingin er sú að gömlu lesfimiviðmiðin hafa verið felld úr gildi. Þetta voru viðmið sem lýstu væntingum um árangur en núna getum við byggt mat á árangri á upplýsingum undanfarinna ára sem lýsa því hvernig lesfimi barna á Íslandi þróast í raun og veru. Þetta gerir niðurstöðurnar skýrari og samanburð raunhæfari. Niðurstöður á lesfimiþrófi verða áfram gefnar upp í lesnum orðum á mínútu en útreikningur tekur nú betur tillit til þess hversu erfiður textinn og nákvæmur lesturinn er. Þetta getur þýtt að niðurstöður breytist örlítið miðað við eldri niðurstöður.

Auk lesinna orða á mínútu eru niðurstöður nú settar fram sem mælitala. Mælitala er leið til að setja niðurstöðurnar í skýrara samhengi. Hún segir til um það hvort nemandi búi yfir lítilli eða mikilli færni í samanburði við jafnaldra og gerir okkur kleift að bera saman niðurstöður ólíkra prófa. Þess vegna gefur mælitala, ásamt lýsingu á stöðu nemenda, ítarlegri upplýsingar um stöðu nemanda eða bekkjaren eingöngu lesin orð á mínútu. Henni fylgir sömuleiðis lýsing á stöðu nemandans og upplýsingar um áherslur í áframhaldandi kennslu.

Hvernig á að lesa niðurstöðurnar?

1. Staða nemanda

Á fyrstu myndinni munuð þið sjá stöðu barnsins á nýjasta lesfimiþrófinu miðað við jafnaldra. Niðurstöðurnar eru teknar saman í texta fyrir ofan myndina og mælitölu sem sett er fram sem svartur punktur á myndinni. Mælitalan er birt á kvarðanum 1-19 en landsmeðaltalið er alltaf 10. Litirnir sýna fjögur færnibil sem er lýst hægra megin við myndina.



13 - 19) Frammistaða er góð og yfir meðaltali miðað við jafnaldra. Viðfangsefni í lestrarnámi þurfa að vera áhugaverð og fela í sér áskoranir við hæfi.


8 - 12) Frammistaða er í meðallagi miðað við jafnaldra. Efla þarf áfram lestrarfærni nemanda í takt við stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf sérstaklega með framvindu lestrarnáms hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9).

5 - 7) Frammistaða er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Nemandi getur þurft tímabundinn stuðning og eftirfylgni af hálfu skóla í samvinnu við heimili svo takmörkuð lestrarfærni hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

1 - 4) Frammistaða er undir meðaltali miðað við jafnaldra. Nemandi getur þurft tímabundinn stuðning og eftirfylgni af hálfu skóla í samvinnu við heimili svo takmörkuð lestrarfærni hafi ekki áhrif á árangur í öðrum námsgreinum.

2. Framvinda nemanda í lesnum orðum á mínútu

Á annarri myndinni er hægt að skoða framfarir barnsins yfir tíma. Hún sýnir hversu mörg orð á mínútu barnið las fjórar mælingar aftur í tímann. Mikilvægast er að skoða framfarir barnsins út frá því sjálfu en það er einnig hægt að sjá hverjar framfarirnar hafa verið miðað við jafnaldra á landsvísu (hvítu punktarnir og brotalínan) sem hjálpar til við að setja framfarirnar í samhengi. Loks gefur staðsetning framvindulínu nemandans upplýsingar um á hvaða færnibili hann hefur verið eða er. Í töflunni fyrir neðan myndina er svo hægt að fá nákvæmari upplýsingar um lesin orð á mínútu á hverju prófi, hvaða mælitölu nemandinn fær og svo landsmeðaltal sem einnig er birt sem mælitala.



Fyrirlögn	Bekkur	Orð á mínútu	Mælitala	Landsmeðaltal
Janúar 2026	2.	50	9	10
September 2025	2.	44	10	10
Maí 2025	1.	31	9	10
Janúar 2025	1.	20	9	10

Stuðningsprófin: Orðleysulestur og sjónrænn orðaforði

Sum börn eru lengur að læra að lesa en önnur og þurfa meiri stuðning í lestrarnámi sínu. Ef nemandi fær mælitöluna 7 eða lægri á lesfimiþrófi er mælt með því að kennarar leggi fyrir nemendur stuðningspróf í lestri sem eru tvö. Próf í lestri orðleysa metur stöðu hljóðaaðferðar eða það hversu vel barni gengur að tengja bókstafstákn við hljóð bókstafsins og tengja hljóðin saman. Í prófinu sem metur sjónrænan orðaforða er verið að kanna hversu vel börnum gengur að lesa einstök orð hratt og nákvæmlega.

Niðurstöður fyrir stuðningsprófin eru settar fram á sama hátt og fyrir lesfimina eða eins og á fyrri myndinni hér að ofan. Ekki er útbúin framvindumynd fyrir stuðningsprófin.

Að lokum

Við vonum að þessar breytingar á birtingu niðurstaðna reynist ykkur vel og nýtist sem góð leiðsögn um hvernig hægt er að styðja barnið áfram í lestri og námi. Við hvetjum ykkur aftur til að hafa samband ef spurningar vakna.